

ERINDISBRÉF

Starfshópur um gerð reglna um aðgang og starfsemi í stjórnsýsluhúsum Reykjavíkurborgar

Ábyrgð:

Forsætisnefnd

Inngangur:

Á fundi forsætisnefndar 28. apríl sl. voru samþykktar húsreglur fyrir Ráðhús Reykjavíkur. Reglurnar voru unnar í víðtæku samráði á vegum skrifstofu borgarstjórnar, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og mannauðs- og starfsumhverfissviðs og var m.a. horft til húsreglna í sambærilegum stofnunum.

Við vinnslu reglnanna kom í ljós að nauðsynlegt þykir að láta vinna sérstakar innri reglur sem snúa að nánari skilgreiningu á aðgangi og starfsemi í stjórnsýsluhúsum Reykjavíkurborgar; Ráðhúsi Reykjavíkur, Höfðatorgi, Höfða og Tjarnargötu 12. Forsætisnefnd samþykkti því á sama fundi sínum að skipa starfshóp sem samanstendur af fulltrúa skrifstofu borgarstjórnar, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og þjónustu- og nýsköpunarsviðs sem skal semja reglur um aðgang og starfsemi í stjórnsýsluhúsum Reykjavíkurborgar.

Hlutverk:

Að semja heildstæðar reglur um aðgengi og notkun stjórnsýsluhúsa Reykjavíkurborgar. Í reglunum skal taka tillit til öryggisþátta, nýtingar og skilgreina aðgengi starfsfólks og almennings að húsunum og einstaka rýmum þeirra.

Starfshópin skipa deildarstjóri stjórnsýsluhúsa á þjónustu og nýsköpunarsviði ásamt fulltrúum frá skrifstofu borgarstjórnar og skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Helstu viðfangsefni:

- Að greina og setja upp skýrar og aðgengilegar reglur um aðgengi og notkun stjórnsýsluhúsa Reykjavíkurborgar til að efla þjónustu og mæta nútíma kröfum.
- Að greina og samræma reglur, meðal annars við húsbækur í Ráðhúsi og Höfðatorgi, reglur viðburðarstjórnar Reykjavíkur og öryggisþætti.

Starfshópin skipa:

- Dagný Ingadóttir, skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
- Magnús Sigurðsson, deildarstjóri stjórnsýsluhúsa á þjónustu- og nýsköpunarsviði.
- Ólöf Magnúsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu borgarstjórnar

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á og skal styðjast við fyrirliggjandi gögn og greiningar.

Starfstímabil:

1.júní til 1. nóvember 2023.